

Nd.

96. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasöluunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd. Skulu fjórir þeirra kosnir á aðalfundi með hlutfallskosningu til eins árs í senn, og jafnmargir varamenn á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn og varamann hans til jafnlangs tíma. Allir nefndarmennirnir skulu vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð eða hafa aðsetur þar að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Útflutningsnefnd kys í byrjun hvers starfsárs formann fyrir komandi ár. Fá enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

2. Við 4. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. Við 5. gr. Upphaf 2. málsg. orðist svo:

Aðalfundur Síldareinkasölunnar skal haldinn í maímánuði ár hvert, þar sem útflutningsnefnd ákveður eða aðalfundur hefir samþykkt, og skal útflutningsnefnd boða til fundarins með auglýsingu í blöðum í öllum landsfjórðungum með minnst 8 vikna fyrirvara. Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

4. Við sömu gr. 2. málsg. 3. tölulið. Liðurinn orðist svo:
 3. Kosnir fulltrúar í útflutningsnefnd, einn endurskoðandi og vara-
maður hans, báðir til eins árs í senn.
5. Við sömu gr. 2. málsg. 5. tölulið. Liðurinn orðist svo:
 5. Önnur mál, er fram kunna að koma og varða hagsmuni einka-
sölnunnar, sjómanna, sildarverkafólks og útgerðarmanna.
6. Við sömu gr. 3. málsg. skal orða svo:

Aðalfund sækja 14 kjörnir fulltrúar. Skulu 7 kosnir, ásamt jafn-
mörgum varamönnum, af þeim, er skip gerðu út á sildveiðar og lögðu inn
sild til einkasölnunnar næsta ár á undan kosningu, og greiðist eitt atkvæði
fyrir hvert skip, þar með taldir vélbátar. Útgerðarmenn sunnanlands kjósa
2 fulltrúa, útgerðarmenn vestanlands 1, útgerðarmenn norðanlands 3 og út-
gerðarmenn austanlands 1. Þar sem kosnir eru fleiri en einn fulltrúi, skal
viðhöfð hlutfallskosning. Fer kosning að öðru leyti fram eftir þeim regl-
um, er atvinnumálaráðherra setur. Aðra 7 fulltrúa og jafnmarga varafull-
trúa kys Alþýðusamband Íslands, eða Alþýðusambandsstjórnin í þess stað,
ef sambandsþing hefir ekki komið saman áður en kosning fór fram.
7. Við sömu gr. 4. málsg. Orðin: „Hver hinna kjörnu fulltrúa . . .“ o. s. frv.
til enda málsgreinarinnar falli burt.
8. Við sömu gr. Síðustu málsg. skal orða svo:

Til þess að aðalfundur sé lögmætur, þurfa minnst $\frac{2}{3}$ kjörinna full-
trúa að sitja hann. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, og boðar þá út-
flutningsnefnd til hans á ný með minnst 14 daga fyrirvara, og getur sá
fundur úrskurðað sig lögmætan, þó að skorta kunni á næga þátttöku.
9. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra skipar annan endurskoðanda einkasölnunnar og
varamann hans, báða til eins árs.
10. Aftan við frv. bætist 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. 7. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

b. B r á ð a b i r g ð a á k v æ ð i .

Atvinnumálaráðherra kallar saman aukafund í nóvembermánuði 1931,
skipaðan samkv. þessum lögum. Þó skal við kosningu útgerðarmanna til hans
miðað við skip þau, er gerð voru út á sildveiðar sumarið 1931.

Á þeim fundi skal kosin útflutningsnefnd og endurskoðandi samkvæmt
þessum lögum.

Jafnframt skipar atvinnumálaráðherra fimmta manninn í nefndina, end-
urskoðanda og varamenn þeirra.

Hin nýja útflutningsnefnd og endurskoðendur taka við starfinu í árs-
byrjun 1932, og fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útflutningsnefndar
og endurskoðenda.

Útflutningsnefnd þessi og endurskoðendur gegna starfinu til þess tíma, er útflutningsnefnd og endurskoðendur eru kosnir á fyrsta reglulegum aðalfundi í maí 1932.